

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Spöng, breyting á deiliskipulagi lóða nr. 33-37.

Í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. ágúst sl. breytingu á deiliskipulagi Spangarinnar í Grafarvogi varðandi lóðina nr. 33-37.

Breytingin hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bryggjuhverfi, breyting á deiliskipulagi varðandi lóðina nr. 5-7 við Naustabryggju.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, sbr. 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 5. september sl. breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis varðandi lóðina nr. 5-7 við Naustabryggju, hús merkt 15B á deiliskipulagsupprætti.

Breytingin hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ofanleiti 1-2, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 28. ágúst 2001 breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 1-2 við Ofanleiti.

Breytingin hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 12. október 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.